

að minnsta kosti eins miklu og eptirstöðvarnar af láninu til hins upprunalega skurðar nema.

114

17. nóv.

Auglýsing

115

24. nóv.

um sóttvarnarráðstafanir gegn skipum frá frakkneskum höfnum milli Nantes og Cherbourg.

Það auglýsist hjermeð samkvæmt 2. gr. laga frá 17. desember 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjast til Íslands, að reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum, ber fyrst um sinn að beita að því er snertir skip, sem koma hingað til landsins frá frakkneskum höfnum milli Nantes og Cherbourg eða sem á leiðinni hingað hafa haft viðskipti við skip frá nefndum höfnum.

Auglýsing þessi gengur í gildi þegar í stað.

Reykjavík 24. nóvember 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg

Jón Jensson.

Auglýsing fyrir sjófarendur.

116

24. nóv.

Á Valhúsi á Seltjarnarnesi verður kveikt á ljóskeri til leiðbeiningar sjófarendum á nóttu hverri frá 1. sept. til 30. apríl ár hvert. Ljóskerið er á stöng, hjerumbil 120 fet yfir sjávarflöt og undir 64°9' norðlægrar breiddar og 21°58' vestlægrar lengdar fjórðung mílu í suður (43°) og austur frá Gróttuvörðu og sýnir skært hvítt ljós.

Sömuleiðis er til leiðbeiningar skipum, sem ætla inn á Reykjavíkurhöfn eptir að farið er að dimma, kveikt á ljóskerum á vesturenda Engeyjar á tímabilinu frá 1. sept. til 30. apríl ár hvert. Ljóskerin eru tvö og bæði á sömu stöng, 32 og 24 fet yfir sjávarmál, og sjást í hjerumbil 6 fjórðungsmílna fjarlægð. Efra ljóskerið sýnir skært hvítt ljós, en hið neðra rautt ljós.

Reykjavík 24. nóvember 1885

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jensson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um eptirgjöf á leigum af hallærisláni. — Í tilefni af bónarbrjefi frá sýslumanninum í Húna- 26. nóv.
vatnssýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, sem hann hefur sent hingað beina leið, og að partil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland, veiti jeg hjermeð Húnavatnssýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna eptirgjöf á leigum til loka þessa árs af hallærisláni, er sýsla þessi hefur fengið úr landssjóði, samkvæmt skuldabryfi 23. ágúst 1883, móti því, að frá þeim tíma greiðist af láni þessu 4% í leigur árlega, og að $\frac{1}{8}$ hluti þess endurgreiðist síðan á ári hverju.

Þetta undanfelli jeg eigi að kunngjöra yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd.